

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Sýrland, nr. 456/2014.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr. kemur fram um hvaða ályktun er að ræða, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

#### 2. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.45 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1496 frá 27. maí 2024 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi, sbr. fylgiskjal 1.45.

2.53 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1497 frá 27. maí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sbr. fylgiskjal 2.53.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 68/2023.

#### 3. gr.

##### *Viðurlög.*

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 1. júlí 2024.*

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.45.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1496**  
**frá 27. maí 2024**  
**um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ**  
**um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. maí 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/255/SSUÖ<sup>(1)</sup>.
- 2) Ráðið hefur enn þungar áhyggjur af ástandinu í Sýrlandi. Eftir rúmlega 13 ár er átökunum í Sýrlandi langt í frá lokið og eru áfram upptök þjóninga og óstöðugleika. Hinn hörmulegi jarðskjálfi 6. febrúar 2023 hefur gert alvarlegt mannúðarástand enn þungbærara í landinu og aukið á þarfir íbúa Sýrlands.
- 3) Ráðið minnir á að með þvingunaraðgerðum Sambandsins, þ.m.t. þeim sem eru samþykktar í ljósi ástandsins í Sýrlandi, er ekki ætlunin að standa í vegi fyrir eða hindra veitingu mannúðarástoðar, þ.m.t. lækniástoðar. Viðskipti í meirihluta geira á milli Sambandsins og Sýrlands – þ.m.t. með matvæli og lyf – eru ekki takmörkuð af þvingunaraðgerðum sem samþykktar hafa verið í ljósi ástandsins í Sýrlandi. Að því er varðar einstakar aðgerðir eru þar að auki til staðar undanþágur sem gera kleift að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan tilgreindum aðilum og rekstrareiningum, þegar slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður er nauðsynlegur eingöngu í þeim tilgangi að veita mannúðarástoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi. Í tilteknum tilvikum er fyrirframheimild frá viðeigandi lögbæru landsyfirvaldi nauðsynleg.
- 4) Í ályktunum sínum frá 20. maí 2021 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins „um aðgerðir ESB í mannúðarmálum: nýjar áskoranir, sömu meginreglur“ áréttaði ráðið skuldbindingu sína um að forðast og ef það er ekki unnt, að milda eins og hægt er, hugsanleg óráðgerð, neikvæð áhrif þvingunaraðgerða Sambandsins á aðgerðir í mannúðarmálum á grundvelli meginreglna. Ráðið ítrekaði að þvingunaraðgerðir Sambandsins fari að öllum skuldbindingum samkvæmt þjóðarétti, einkum alþjóðlegum mannréttindalögum, alþjóðlegum mannúðarrétti og alþjóðalögum um flóttamenn. Það lagði áherslu á mikilvægi þess að fylgja að fullu meginreglum um mannúð og alþjóðlegum mannúðarrétti í stefnu Sambandsins um refsiaðgerðir, m.a. með samræmdri innfellingu undanþága af mannúðarástæðum í regluverk um þvingunaraðgerðir þar sem við á og með því að tryggja að skilvirkur rammi sé til staðar fyrir notkun stofnana á sviði mannúðarmála á slíkum undanþágum.
- 5) Hinn 9. desember 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) sem vísar til fyrri ályktana um að leggja á refsiaðgerðir til að bregðast við ógnum við frið og öryggi á alþjóðavettvangi og leggur áherslu á að ráðstafanir sem aðildarríki SP hafa gripið til, í því skyni að framkvæma refsiaðgerðir, þurftu að samræmast skuldbindingum þeirra samkvæmt alþjóðalögum og að þeim sé ekki ætlað að hafa neikvæð mannúðaráhrif á óbreytta borgara eða á mannúðarástoð eða þau sem veita hana. Í 1. mgr. ályktunar sinnar nr. 2664 (2022) ákvað öryggisráð SP að útvegum, vinnsla eða greiðsla fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðarástoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks sé heimil, af hálfu tiltekinna aðila, og brjóti ekki gegn frýstingu eigna sem lögð er á af öryggisráðinu eða framkvæmdanefndum þess um þvingunaraðgerðir.
- 6) Hinn 14. febrúar 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/338<sup>(2)</sup> sem innleiddi undanþáguna af mannúðarástæðum samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) í regluverk Sambandsins um þvingunarráðstafanir sem kemur til framkvæmda aðgerðum sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunarráðstafanir ákveða. Hinn 31. mars 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/726<sup>(3)</sup> sem innleiddi undanþáguna af mannúðarástæðum samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) í regluverk Sambandsins um þvingunarráðstafanir sem kemur til framkvæmda aðgerðum sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunarráðstafanir ákveða, og í viðbótaraðgerðir sem ráðið ákveður. Hinn 27. nóvember 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/2686<sup>(4)</sup> sem innleiddi undanþáguna af mannúðarástæðum í tiltekin regluverk Sambandsins um þvingunarráðstafanir í þágu þeirra aðila sem um getur í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022), samtaka og fagstofnana, sem Sambandið hefur veitt vottorð

um samstarf í mannúðarmálum (e. Humanitarian Partnership Certificate), samtaka og fagstofnana sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki, og sérstofnana aðildarríkja.

- 7) Hinn 23. febrúar 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/408<sup>(5)</sup> sem innleiddi undanþágu frá frýstingu eigna og takmörkunum á því að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan tilgreindum einstaklingum eða lögaðilum og rekstrareiningum, í þágu alþjóðastofnana og tiltekinnna skilgreindra flokka aðila sem taka þátt í mannúðarstarfsemi, sem gildir í sex mánuði til a byrja með, til 24. ágúst 2023. Hinn 14. júlí 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/1467<sup>(6)</sup> sem framlengdi þessa undanþágu til 24. febrúar 2024. Hinn 18. desember 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/2876<sup>(7)</sup> sem framlengdi þessa undanþágu enn frekar til 1. júní 2024 í því skyni að greiða fyrir skjótri afhendingu aðstoðar og auka á fyrirsjáanleika og réttarvissu fyrir þá aðila sem njóta undanþágunnar.
- 8) Til að efla samræmi milli regluverks Sambandsins um þvingunaraðgerðir og þess regluverks, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunarráðstafanir samþykkja, og til að tryggja að veita megi áfram tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks telur ráðið að í stað undanþágunnar, sem var innleidd með ákvörðun (SSUÖ) 2023/408, ætti að koma undanþága frá aðgerðum varðandi frýstingu eigna einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem tilgreind eru samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2013/255/SSUÖ, og frá takmörkunum á því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan þeim, í þágu aðila sem um getur í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022), samtaka og fagstofnana, sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum, samtaka og fagstofnana sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki, og sérstofnana aðildarríkja. Undanþágan ætti að gilda til 1. júní 2025 í samræmi við lokadagsetningu beitingar ákvörðunar 2013/255/SSUÖ, að teknu tilliti til þess að ráðið áformar frekari framlengingu undanþágunnar eftir 1. júní 2025, með fyrirvara um endurskoðun ákvörðunar 2013/255/SSUÖ. Auk þess telur ráðið að breyta ætti fyrirbyggjandi undanþágu-fyrirkomulagi fyrir þau samtök og þá aðila sem taka þátt í mannúðarstarfi en geta ekki nýtt sér undanþáguna. Ráðið telur enn fremur að innleiða ætti endurskoðunarákvæði í tengslum við þessar undanþágu.
- 9) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.
- 10) Því ætti að breyta ákvörðun 2013/255/SSUÖ til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Ákvörðun 2013/255/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 28. gr. a kemur eftirfarandi:

##### „28. gr. a

1. Bönnin sem sett eru fram í 1., 2. og 5. mgr. 28. gr. gilda ekki fyrir en 1. júní 2025 um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks, þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

- a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, sjóða og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
- b) alþjóðastofnana,
- c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
- d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna vegna flóttafólks, öðru ákalli Sameinuðu þjóðanna eða klösnum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhæfir,
- e) samtaka og fagstofnana, sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum (e. *Humanitarian Partnership Certificate*) eða sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki í samræmi við landsbundna málsmeðferð,
- f) sérstofnana aðildarríkjanna eða
- g) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til f-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum.

2. Bannið sem er sett fram í 5. mgr. 28. gr. skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð, sem er gerður aðgengilegur einstaklingum eða lögaðilum og rekstrareiningum á skrá í I. og II. viðauka, af hálfu opinberra aðila eða lögaðila eða rekstrareininga, sem fá opinbera fjármögnun til að veita mannúðaraðstoð í Sírylandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sírylandi, að því tilskildu að slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður sé notaður til kaupa eða flutnings á jarðolíuafurðum eða til tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar eingöngu í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sírylandi eða til að styðja almenna borgara í Sírylandi í samræmi við 3. mgr. 5. gr.
  3. Í tilvikum sem falla ekki undir 1. og 2. mgr. þessarar greinar og þrátt fyrir bannið í 1., 2. og 5. mgr. 28. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrustur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að tryggja megi tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks.
  4. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 2. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.
  5. Bannið í 5. mgr. 28. gr. skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð sem sendiráð eða ræðis-skrifstofur gera aðgengilegan einstaklingum, lögaðilum eða rekstrareiningum, sem eru á skrá í I. og II. viðauka, þegar veiting slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs er í samræmi við 4. mgr. 5. gr.
  6. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. og 4. mgr. innan 4 vikna frá því að hún er veitt.
- 2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 34. gr.:
- „Undantekningarnar sem um getur í 1. og 4. mgr. 28. gr. a að því er varðar 1., 2. og 5. mgr. 28. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúans eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallarbreytingar á aðstæðum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 27. maí 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J. BORRELL FONTELLES

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sírylandi (Stjtíð. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14).

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/338 frá 14. febrúar 2023 um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins og sameiginlegum afstöðum að því er varðar þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum (Stjtíð. ESB L 47, 15.2.2023, bls. 50).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/726 frá 31. mars 2023 um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum (Stjtíð. ESB L 94, 3.4.2023, bls. 48).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2686 frá 27. nóvember 2023 um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum (Stjtíð. ESB L, 2023/2686, 28.11.2023, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/2686/oj>).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/408 frá 23. febrúar 2023 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sírylandi (Stjtíð. ESB L 56, 23.2.2023, bls. 4).

<sup>(6)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1467 frá 14. júlí 2023 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sírylandi (Stjtíð. ESB L 180, 17.7.2023, bls. 41).

<sup>(7)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2876 frá 18. desember 2023 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sírylandi (Stjtíð. ESB L, 2023/2876, 19.12.2023, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/2876/oj>).

**Fylgiskjal 2.53.**

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1497**  
**frá 27. maí 2024**  
**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012**  
**um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 18. janúar 2012 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 36/2021<sup>(1)</sup> og hinn 31. maí 2013 samþykkti það ákvörðun 2013/255/SSUÖ<sup>(2)</sup> í kjölfar samþykktar ályktana ráðsins þar sem ráðið fordæmdi ofbeldi og víðtæk og kerfisbundin gróf mannréttindabrot í Sýrlandi.
- 2) Hinn hörmulegi jarðskjálfi 6. febrúar 2023 gerði þegar skelfilegar aðstæður í landinu enn verri og jók á þjáningar íbúa Sýrlands.
- 3) Hinn 23. febrúar 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/408<sup>(3)</sup> og reglugerð (ESB) 2023/407<sup>(4)</sup> þar sem innleidd var undanþága frá frystingu eigna tilgreindra einstaklinga eða lögaðila og rekstrareininga og frá takmörkunum á því að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan þeim. Ráðið ákvað að þessi undanþága skyldi gilda í þágu alþjóðastofnana og tiltekinnna skilgreindra flokka aðila sem taka þátt í mannúðarstarfsemi og gilda í sex mánuði til að byrja með, til 24. ágúst 2023.
- 4) Hinn 14. júlí 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/1467<sup>(5)</sup> og reglugerð (ESB) 2023/1462<sup>(6)</sup> sem framlengdu þessa undanþágu til 24. febrúar 2024. Hinn 18. desember 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/2876<sup>(7)</sup> og reglugerð (ESB) 2023/2877<sup>(8)</sup> sem framlengdu undanþáguna enn frekar til 1. júní 2024.
- 5) Hinn 27. maí 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1496<sup>(9)</sup> sem skiptir áðurgreindri undanþágu út fyrir undanþágu sem gildir til 1. júní 2025, í samræmi við lokadag beitingar ákvörðunar 2013/255/SSUÖ, og þar sem áformuð er frekari framlenging undanþágunnar eftir 1. júní 2025, með fyrirvara um endurskoðun ákvörðunar 2013/255/SSUÖ.
- 6) Aðgerðirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 36/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 16. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 36/2012 kemur eftirfarandi:

*„16. gr. a*

1. Bannið sem sett er fram í 1. og 2. mgr. 14. gr. gildir ekki fyrir en 1. júní 2025 um það þegar nauðsynlegir fjármunir eða efnahagslegur auður er gerður aðgengilegur til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

- a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, sjóða og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
- b) alþjóðastofnana,
- c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
- d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna vegna flóttafólks, öðru ákalli Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhæfir,

- e) samtaka og fagstofnana, sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum (e. *Humanitarian Partnership Certificate*) eða sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki í samræmi við landsbundna málsmeðferð,
- f) sérstofnana aðildarríkjanna eða
- g) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til f-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum.

2. Bannið sem er sett fram í 2. mgr. 14. gr. skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð sem opinberir aðilar eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem fá opinbera fjármögnun frá Sambandinu eða aðildarríkjum til að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi, gera aðgengilegan, að því tilskildu að slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður sé notaður til kaupa eða flutnings á jarðolíuafurðum eða til tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar eingöngu í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða til að styðja almenna borgara í Sýrlandi í samræmi við 1. mgr. 6. gr. a.

3. Í tilvikum sem falla ekki undir 1. og 2. mgr. þessarar greinar og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 14. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að tryggja megi tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks.

4. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 2. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. og 4. mgr. innan 4 vikna frá því að hún er veitt.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J. BORRELL FONTELLES

<sup>(1)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 442/2011 (Stjtíð. ESB L 16, 19.1.2012, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtíð. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/408 frá 23. febrúar 2023 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtíð. ESB L 56 I, 23.2.2023, bls. 4).

<sup>(4)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/407 frá 23. febrúar 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi (Stjtíð. ESB L 56 I, 23.2.2023, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1467 frá 14. júlí 2023 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtíð. ESB L 180, 17.7.2023, bls. 41).

<sup>(6)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/1462 frá 17. júlí 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi (Stjtíð. ESB L 180, 17.7.2023, bls. 8).

<sup>(7)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2876 frá 18. desember 2023 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtíð. ESB L, 2023/2876, 19.12.2023, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/2876/oj>).

<sup>(8)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/2877 frá 18. desember 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi (Stjtíð. ESB L, 2023/2877, 19.12.2023, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2877/oj>).

<sup>(9)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1496 frá 27. maí 2024 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtíð. ESB L, 2024/1496, 28.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1496/oj>).